

L Ö G

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð þær reglur um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru að gerast aðilar að, eða þá samninga, sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda.

Ráðherra er auk þess heimilt að setja aðrar þær reglur um þessar veiðar, sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur þær, er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 17. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;

3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, lög nr. 62/1974 og lög nr. 13/1975, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

Tímabil:	1. janúar 1976.	Frá
	til 30. júní 1976 Kr.	1. júlí 1976 Kr.
1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):		
Einstaklingar	46 380	120 000
Hjón	83 460	168 000

2. gr.

Í stað 2. ml. 78. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, komi nýr málslíður:

Heimilt skal, að fjárhæðir samkv. 1. mgr. 19. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. ml. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 73. gr.

3. gr.

1. gr. þessara laga öðlast þegar gildi; 2. gr. taki gildi 1. júlí 1976.

Gjört í Reykjavík 14. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.